

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

342. fundur

Föstudaginn 2. júlí 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn fór fram að Hesthálsi 14 og hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen E. Halldórsdóttir (KEH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir í fjarfundi (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir (SH), sviðstjóri mannauðs- og gæðamála.

Dagskrá fundar:

1. Stefnur Strætó.
2. Fjárhagsleg staða.
3. Upplýsingatækni til framtíðar.
4. Fargjaldaálag.
5. Tilkynning um kosningu fulltrúa Hafnarfjarðar og Mosfellsbæjar í stjórn Strætó.
6. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Stefnur Strætó.

Á stjórnarfundi 11. júní sl. voru kynnt drög að uppfærðum stefnum Strætó þar sem búið er að taka tillit til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna nr. 11, 12 og 13. Um er að ræða Umhverfisstefnu, Öryggisstefnu, Innkaupastefnu, Jafnréttisstefnu, Stefna Strætó gegn einelti, áreitni og ofbeldi, þjónustustefna, fræðslustefna og Viðverustefna.

Stjórn samþykkir framlagðar stefnur.

2. Fjárhagsleg staða..

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagslega stöðu Strætó og upplýsti um farþegatalningar og stöðu viðræðna við Lánasjóð sveitarfélaga um lántöku.

3. Upplýsingatækni til framtíðar

Fyrir fundinum lá vinnuskjal, dags. 30. Júlí .2021, um upplýsingatækni Strætó til framtíðar. Á næstu árum er þörf á að uppfæra og endurnýja ýmis upplýsingakerfi sem nú eru í notkun hjá Strætó.

4. Fargjaldaálag

Alþingi samþykkti á nýafstöðnu þingi breytingar á lögum nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga þar sem inn kom heimild handa flytjendum til að krefja farþega í almenningssamgöngum um fargjaldaálag hafi ekki verið greitt rétt fargjald.

Strætó þarf að semja reglur varðandi fargjaldaálag, fá samþykki Samgönguráðaneytis á þeim og auglýsa reglurnar síðan í B-deild Stjórnartíðinda.

Framkvæmdarstjóri upplýsti að hafin sé vinna við gerð reglna sem verða lagðar fyrir stjórn til umfjöllunar og afgreiðslu í haust.

5. Tilkynning um kosningu fulltrúa Hafnarfjarðabæjar og Mosfellsbæjar í stjórn Strætó

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 23. júní 2021 var Helga Ingólfssdóttir kosin sem aðalmaður í stjórn Strætó til loka kjörtímabils og Ólafur Ingi Tómasson sem varamaður.

Á fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 30. júní 2021 var Rúnar Bragi Guðlaugsson kosinn sem aðalmaður í stjórn Strætó til loka kjörtímabils og Ásgeir Sveinsson sem varamaður.

6. Önnur mál

- a) Fyrir fundinum lá fyrirspurn, dags. 24. júní 2021 frá Sósíalistasflokki Í Reykjavík varðandi vinnustaðagreiningu Strætó. Framkvæmdastjóra var falið að svara fyrirspurninni.

Fundi slitið kl. 12:00.

Hjálmar Sveinsson

Karen Elísabet Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason